

Menntastefna Kópavogsbæjar 2021-2030

Drög 31. maí 2021

Efnisinnihald

Stefnan skiptist í fimm stefnuáherslur sem tengjast starfsemi sviðsins. Undir hverja stefnuáherslu verða tilgreind meginmarkmið og mælanleg undirmarkmið. Útfærsla markmiða kemur fram í árlegum aðgerðaáætlunum.

Stefnuáhersla 1. Námsumhverfi sem tekur mið af getu hvers og eins, stuðlar að framförum, vellíðan og skilningi á samfélagi og umhverfi

Framúrskarandi námsumhverfi kallar á að við mótun þess og framkvæmd sé tekið mið af styrkleikum, getu og hæfni hvers og eins og að virðing sé borin fyrir fjölbreytileika nemenda hvað varðar félagslegan og menningarlegan bakgrunn. Í Kópavogi eiga börn að hafa aðgengi í nærumhverfi að námi og stuðningi sem mætir þeim á eigin forsendum, ýtir undir sjálfstæða hugsun og stuðlar um leið að ábyrgri þátttöku í eigin námi. Menntun felur í sér nám í leik- og grunnskólaskóla og í frístunda- og íþróttastarfi. Þannig er lögð áhersla á heildstæða nálgun í námi barns með samfelldu og virku samstarfi allra undirstofnana menntasviðs. Hagsmunir barns og þarfir þess eru ávallt í forgrunni í því skyni að stuðla að sjálfsefningu, félagslegri færni, trú á eigin getu og mótun sterkrar sjálfsmyndar. Hnattrænar áskoranir eins og loftslagsmál og sjálfbærni eru samofnar áskorunum í nærsamfélagi. Þróun færni til ákvarðanatöku, árangursríkra samskipta og menningarlæsis stuðlar að aukinni virðingu og umburðarlyndi, sjálfstrausti og vellíðan, leggur grunn að sameiginlegum skilningi óháð landamærum og ýtir undir vellíðan og góðan námsárangur. Góð læsisfærni á íslensku er sömuleiðis forsenda fyrir nauðsynlegum skilningi á síbreytilegu fjölþjóðlegu umhverfi og samfélagi. hh

M.1.1 Stuðla að læsisfærni í víðum skilningi

Lestur er undirstaða alls náms og þess að börn nái sem bestum árangri og hafi jöfn tækifæri til að taka virkan þátt í samfélaginu. Áhersla erá uppbyggingu kunnáttu og færni allra barna í að lesa, skilja, túlka og færa hugsanir í talað og ritað mál og getu til að vinna með ritmál, orð, tölur, myndir og tákn á gagnrýninn hátt. Læsi vísar einnig til læsis á ólíka tjáningarmiðla) og læsi á umhverfi, hegðun, siðferði, réttindi og ábyrgð og aðstæður. Stuðningur foreldra við uppbyggingu læsisfærni er mikilvægur og leitast verður við að styðja þá með fjölbreyttri fræðslu.

M. 1.2 Móta lærdómssamfélag án aðgreiningar

Börnum verði tryggð jöfn tækifæri til náms og þroska í sínu nærumhverfi í samræmi við stefnu um menntun án aðgreiningar. Í þessu tilliti verði skoðuð tækifæri til aðlögunar núverandi skipulags, kennsluaðferða, námsmats, kennsluhátta, námsefnis og námsaðstöðu með það það markmiði að tryggja að einstaklingsbundnar þarfir séu ávallt í fyrirrúmi. Áhersla verði á fræðslu, þjálfun og nauðsynlegan stuðning til starfsfólks og stjórnenda við innleiðingu stefnunnar.

M.1.3 Tryggja markvissa þátttöku barna í ákvarðanatöku

Stefnt er að því að í gegnum menntun verði markvisst byggð upp þekking, færni og viðhorf sem styrkja getu barna til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðisþjóðfélagi. Með ástundun lýðræðis í öllu námi eflist félagsfærni og börn læra að hlusta og bera virðingu fyrir ólíkum skoðunum og móta sínar eigin. Sérstaklega verði hugað að mótun leiða til að hlusta á raddir barna og þau hvött til áhrifa og ábyrgðar um málefni sem varða þeirra eigið líf, nám og mótun samfélags.

M.1.4 Stuðla að virðingu fyrir fjölbreytileika og ólíkum menningarheimum

Stefnt er að því að börn verði læs á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru. Þátttaka í samfélagi krefst þekkingar og skilnings á ólíkum menningarheimum, færni í framkomu og samskiptum, umburðarlyndi og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Skoða þarf útfærslu leiða til að tryggja gott aðgengi að upplýsingum og að móttaka íbúa af erlendum uppruna stuðli að góðri aðlögun og vellíðan. Viðhaft verði skipulagt samráð við fjölskyldur barna af erlendum uppruna um nám í leik- og grunnskóla og virka þátttöku í frístunda- og íþróttastarfi.

DRÖG

Stefnuáhersla 2: Snemmtækur stuðningur, forvarnir og fræðsla fyrir börn og foreldra

Kópavogur vill vera fyrirmynd annarra þegar kemur að stuðningi við börn og fjölskyldur. Lögð er áhersla á snemmtækan stuðning, forvarnir og markvissa fræðslu í allri þjónustu menntasviðs og annarra sem koma að þjónustu við börn og fjölskyldur. Þjónustan er skipulögð þannig að hún mæti þörfum notenda á heildstæðan og skilvirkan hátt. Þannig miðast hún við einstaklingsbundnar þarfir og ersamfelld. Snemmtækur stuðningur við einstaka barn og fræðsla til foreldra byggir bæði á greiningum og viðurkenndum gagnreyndum aðferðum og forvarnir eru fyrirbyggjandi aðgerðir þar sem tölfraðilegar upplýsingar, vísbendingar og ritrýnd gögn eru nýtt við mótun úrræða. Starfsfólk sýnir frumkvæði ef upplýsingar gefa til kynna að grípa þurfi inn í aðstæður hjá einstaklingum eða hópum. Þjónusta er einnig samþætt milli mennta- og velferðarsvið í gegnum vel skilgreind samstarfsverkefni.

M.2.1. Tryggja samfellda og samhæfða stuðningsþjónustu fyrir börn og fjölskyldur

Lögð er áhersla á heildstæða skólaþjónustu og viðeigandi stuðning við börn með fjölpættar þarfir og fjölskyldur þeirra. Leitast verði við að tryggja að verklag við veitingu þjónustu stuðli að samfellu, óháð því hvar nám fer fram, og að meðalhófs sé gætt við ákvörðun hennar. Horft verði sérstaklega til samspils við samstarfsaðila innan sem utan sveitarfélags. Þannig taki þjónustan mið af reglubundnu mati á þörf fyrir þjónustu með rýni gagna og upplýsinga um líðan og þarfir barna.

M.2.2 Samræma þjónustustig í þágu farsældar barna

Stefnt er að áframhaldandi samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og samvinnu fagfólks á mennta- og velferðarsviði. Áhersla verði á samþættingu þjónustu sviðanna í gegnum formlegan samstarfsvettvang með skýrum tilgangi, verklagi og ábyrgð. Þannig verði skapaðar aðstæður fyrir börn að ná þroska og heilbrigði á eigin forsendum og til framtíðar. Eftirlit með gæðum samþættrar þjónustu verði tryggt.

M.2.3 Setja heilbrigði og vellíðan barna í forgrunn í allri menntun

Afleiðingar þess að takast ekki á við andlega vanlíðan barna er andleg vanheilsa á fullorðinsárum og takmörkun lífsgæða. Sérstaklega verði hugað að geðheilsueflingu og forvörnum sem miða að því að styrkja getu til að stjórna tilfinningum, sporna við áhættuhegðun, byggja upp þrautseigju og seiglu og sinna sjálfshjálp. Stefnt verði að mótun hverfisbundinna áætlana og samfelldri nálgun í fræðslu milli leik- og grunnskóla, frístunda og íþróttar. Áhersla verði á forvarnir gegn einelti, ofbeldi og mismunum af einhverju tagi og stuðningi til foreldra barna með hegðunarerfiðleika eða andlega vanlíðan. Starfsfólk verði hvatt til að sækja sér fræðslu um forvarnir og heilsu og líðan barna og fái tækifæri til að miðla þekkingu og reynslu sín á milli.

M.2.4 Mótun úrræða vegna skólaforðunar

Skólaforðun getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir börn og framtíðarhorfur þeirra. Vinna þarf markvisst gegn félagslegri einangrun og fyrirbyggja eins og kostur er að börn og ungmenni flosni upp úr skóla. Áhersla er lögð á að bregðast við vanda með viðeigandi úrræðum og þjónustu í tíma. Því markmiði verði náð með auknum stuðningi við skólastjórnendur, kennara, annað starfsfólk og foreldra og stuðningur annarra fagaðila þar sem við á. Tækifæri til að efla enn frekar samstarf sérfræðinga menntasviðs og starfsfólks barnaverndar með það að markmiði að móta fjölbreyttari úrræði verði einnig skoðuð.

M.2.5 Auka gagnadrifna ákvarðanatöku í mótun og framkvæmd þjónustu

Stefnt er að miðlægri yfirsýn gagna og notkun stafrænna lausna með það að markmiði að auka aðgengi að gögnum og upplýsingum við mótun þjónustu og eftirliti með innleiðingu. Sérstaklega verði hugað að aðgengi að vönduðum rafrænum gögnum til að beita gagnreyndum upplýsingum við mótun nýrrar

þjónustu, breytingum á þjónustu eða til að ná fram nýrri nálgun á þjónustu. Horft verði sömuleiðis upplýsingaöflunar gegnum þjónustukannanir meðal barna, foreldra og starfsfólks og skilvirkum skráningum á þátttöku í frístundum og íþróttum. Starfsfólk verði hvatt til að sýna frumkvæði að framþróun þjónustu.

DRÖG

Stefnuáhersla 3. Samráð, samvinna, starfsþróun og starfsaðstaða

Uppeldi, menntun og mótun hæfni er sameiginlegt verkefni samfélags. Foreldrar eru fyrstu fyrirmyndir barna og með þeirra stuðningi í menntun barna náum við þeim árangri sem að er stefnt. Allt samstarf þarf að byggja á gagnkvæmri virðingu og trausti. Við sköpum traust með reglubundnu og markvissu samtali og stuðningi við notendur þjónustu sviðsins og virku samráði við hagsmunahópa í nærsamfélagi. Kópavogur leggur mikinn metnað í að bjóða upp á faglegt og fjölbreytt nám í leik- og grunnskólum, frístundum og íþróttum. Mikilvægt er að við menntun starfi faglegt og framsýnt starfsfólk sem vinnur saman sem ein heild að því að tryggja gott og árangursríkt starf. Við uppbyggingu aðstöðu fyrir menntun verður lögð áhersla á að hún mæti ólíkum þörfum og ýti undir vellíðan þeirra sem nýta hana, sem og starfsfólksins sjálfs.

M.3.1 Styrkja samvinnu við foreldra og tryggja reglubundna endurgjöf

Stefnt er að því að skólar verði hjartað í hverju skólahverfi til náms, samveru, tómstunda og leiksog önnur mannvirki bæjarfélagsins verði íbúum einnig aðgengileg. Foreldrar verði þannig virkir þátttakendur í mótun og framkvæmd menntunar, óháð því hvar námið fer fram, og fái til þess stuðning. Lagð verði upp með að virkja sem flesta foreldra til þátttöku með fjölbreyttri fræðslu og annars konar stuðningi. Horft verði sérstaklega til samvinnu við foreldra barna af erlendum uppruna.

M.3.2 Auka samhæfingu og faglegt samstarf milli starfsfólks í menntun

Stuðla að þróun lærdómssamfélags þar sem stjórnendur, kennarar, þjálfarar, frístundaleiðbeinendur og annað starfsfólk vinna markvisst saman og læra hvert af öðru. Samfella í nálgun í menntun kallar á samhæfingu starfa og náð samstarf allra þeirra sem koma að starfi með börnum. Horft verði til umbóta sem snúa að fjölgun tækifæra til samstarfs og aðgengi að kennslufræðilegri ráðgjöf og fræðslu þvert á stofnanir. Sérstaklega verði hugað að fræðslu til ungra þjálfara til að auka skiling á þörfum barna og bæta stuðning við þau.

M.3.3 Stuðla að framsæknu starfsumhverfi

Áhersla er á faglegt, jákvætt, styðjandi og hvetjandi starfsumhverfi í menntun. Stefnt er að því að nýta stafrænar lausnir og framsæknar aðferðir við stjórnun og tryggja virka þátttöku starfsfólks í ákvarðanatöku í því markmiði að auka gæði þjónustu, sveigjanleika og starfsánægju. Starfsfólki verði jafnframt veitt fjölbreytt tækifæri til að afla sér þekkingar og miðla henni áfram og þannig hámarka hæfileika sína og framlag. Þannig verði einnig lögð áhersla á þátttöku í alþjóðlegum samstarfsverkefnum og sókn í sjóði og styrki.

M.3.4 Tryggja að aðstaða og aðbúnaður styðji við leik og nám

Öflugt menntastarf þarfnast umhverfis sem hvetur til náms. Áhersla er á að tryggja börnum og starfsfólki vinnuvistvænt umhverfi og aðstöðu sem styður við leik og nám. Stuðla þarf að reglubundnu eftirliti á starfsaðstöðu og gerð viðmiða varðandi heilsufarsþætti og öryggi, s.s. lýsingu, hljóðgæði, loftgæði, aðgengi, aðstöðu á lóð, og margs konar búnaðar. Horft verði til aukins samráðs við börn og starfsfólks um mótun umhverfis til leiks og náms.

Stefnuáhersla 4. Menntun með áherslu á gleði, leik og sköpun

Í Kópavogi eru leikur, sköpun og gleði ríkir þættir í allri menntun, óháð því hvar hún fer fram. Börn sem útskrifast úr námi í Kópavogi hafa þróað með sér færni til að nýta skapandi hugsun til að takast á við álitamál og ágreiningsefni sem snúa að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags og getu til að bregðast á viðeigandi hátt við nýrri tækni og áhrifum á umhverfi. Sköpunarkrafturinn er virkjaður með frumkvöðlastarfi og nýsköpunar- og vísindaverkefnum í leik- og grunnskóla, í frístundum og íþróttum. Nálgunin kallar á, fjölbreytta kennsluhætti, samþættingu námsgreina, ígrundun eigin starfshátta og prófun nýjunga. Einnig á aukna áherslu á sjálfbærni- og umhverfismennt og virka ábyrgð nemenda á eigin námi. Til að styðja við þessa nálgun þarf að tryggja aðgengi að sveigjanlegri aðstöðu til náms og nútíma tæknibúnaði í því miði að brúa bilið á milli veruleika barna og náms, kenna ábyrga umgengni við tækni og þannig efla þau sem starfræna borgara framtíðarinnar.

M.4.1 Gott aðgengi að nútíma tæknibúnaði í öllu námi

Stefnt er að leiðandi hlutverki í innleiðingu nútíma tæknibúnaðar og snjalltækja í menntun. Stöðug tilkoma nýrrar tækni kallar á sífellda endurskoðun á kennslu í upplýsingatækni og notkun hennar í námi. Áhersla verði á að börn þrói með sér stafræna borgaravitund, þ.e. kunnáttu og færni til að meta margs konar upplýsingar og getu til að búa til og miðla efni með fjölbreyttum aðferðum með notkun ólíkra stafrænna miðla, á ábyrgan hátt. Geta kennara, frístundaleiðbeinenda, þjálfara og annars starfsfólks til að nota ólíka tækni og aðferðir við nám og kennslu verði sömuleiðis eflað.

M.4.2 Fjölga leiðum til skapandi náms

Áhersla er lögð á að öll börn fái tækifæri til að þjálfa gagnrýna og skapandi hugsun. Færni á því sviði ýtir undir sjálfbæra þróun og getu til að bregðast við breytingum í samfélagi. Skoða þarf leiðir til umbóta til að tryggja að nýsköpun, vísindi og fjölþætt listsköpun verði áherslupáttur í öllu námi, s.s. með uppsetningu nýsköpunar-, tækni- og listasmiðja. Sömuleiðis verði horft til tækifæra til að flétta kjarnagreinar, skapandi greinar og nám í gegnum frístundir og íþróttastarf enn frekar saman, m.a. með teymiskennslu.

M.4.3 Auka samfellu í tónlistaruppeldi

Tónlist eflir félagsfærni, stuðlar að vellíðan og góðum námsárangri. Stefnt er að því að aðstaða og aðgengi barna að tónlistaruppeldi verði eins góð og kostur er. Þannig verði áhugi á tónlist kveiktur með hlustun og söng frá unga aldri sem byggt verði ofan á í tónmenntakennslu, námi í tónlistarskóla og stafrænni kennslu. Með það að markmiði verði unnið að gerð áætlunar um samfellu í tónlistaruppeldi. Stuðlað verður að samhæfingu í starfi og samvinnu kennara og starfsfólks leik-, og grunnskóla og tónlistarskóla Kópavogs til að ná markmiðum um þróun tónlistarnáms.

M.4.4 Tryggja börnum jafnan aðgang að fjölbreyttu iðn- og tækninámi

Áhersla er á að jafna tækifæri og aðgengi barna að fjölbreyttu iðn- og tækninámi og tengja námið betur atvinnulífi og störfum. Samfélag framtíðarinnar þarfnast einstaklinga með hagnýta kunnáttu og færni. Skoða þarf leiðir til umbóta sem mæta þörfum fyrir uppbyggingu aðstöðu og tækja til iðn- og tæknimenntar. Einnig verði unnið að því að auka aðgengi og virkt samstarf milli grunnskóla og iðn- og tækniskóla til að tryggja áframhaldandi samfellu í námi.

M.4.5 Auka vægi sjálfbærni- og umhverfismenntunar í námi

Sjálfbærni er einn af grunnþáttum menntunar og áhersla í öllu námi í Kópavogi. Sjálfbærni krefst þess að við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta sínum þörfum. Áhersla á sjálfbærni kallar sömuleiðis á getu til að hugsa hnattrænt og leita lausna á

sameiginlegum viðfangsefnum. Leitast verður við að auka áherslu á sjálfbærni- og umhverfismennt í öllu námi og útfærðar leiðir til að samtvinna sjálfbærni inn í allt nám, skólabrag og menningu á vinnustöðum undirstofnana menntasviðs.

DRÖG

Stefnuáhersla 5: Frístundir og íþróttir fyrir alla

Kópavogur leggur sig fram um að skapa aðstæður og umhverfi sem styður við öflugt nám í gegnum frístundir og íþróttastarf fyrir íbúa á öllum aldurstigum, hvetur til aukinnar hreyfingar og útivistar og stuðlar þannig að heilbrigði og andlegri, félagslegri og líkamlegri færni og vellíðan íbúa. Í þessu felst reglubundin uppbygging mannvirkja og aðstöðu sem mætir þörfum iðkenda og starfsfólks, gott aðgengi að aðstöðunni og reglubundið eftirlit og viðhald. Aðgengi að fjölbreyttu frístunda- og íþróttastarfi er einnig tryggt með frístundastyrkjum til barna og ungmenna. Í gegnum fjölbreytt starf öðlast þátttakendur færni til að eiga góð samskipti við aðra, setja sig í spor annarra og sýna öðrum virðingu og öðlast vilja til að hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag.

M.5.1 Auka þátttöku barna í frístunda- og íþróttastarfi

Virk þátttaka í frístundum og íþróttastarfi þroskar félagsfærni og vinnur gegn félagslegri einangrun. Stefnt er að því að allir fái viðeigandi þjónustu óháð aldri og getu, og tækifæri ólíkra samfélagshópa til þátttöku í slíku starfi sé tryggt. Tryggja þarf að unnið sé eftir viðurkenndum gagnreyndum aðferðum, bæði til að öðlast færni sem nýtist í námi og leik, og til að efla -andlega, félagslega og líkamlega heilsu á skynsaman hátt. Einnig að gæði og öryggi þátttakenda sé ávallt í fyrirrúmi og að unnið verði gegn mismunun, einelti og ofbeldi. Mikilvægt er að starfsfólk, leiðbeinendur og þjálfarar hafi viðeigandi menntun og fái góða og reglubundna fræðslu.

M.5.2 Lífsgæði íbúa á öllum aldurstigum tryggð með góðu aðgengi að hreyfingu og frístundastarfi

Heilbrigði felur í sér andlega, félagslega og líkamlega vellíðan og skiptir alla máli óháð aldri. Áhersla er á að auka lífsgæði íbúa með góðu aðgengi að mannvirkjum og aðstöðu innan og utandyra þar sem heilsuefandi starfsemi fer fram. Íbúar á öllum aldurstigum eigi þess kost að stunda skipulagða hreyfingu og taka þátt í uppbyggjandi frístundastarfi. Áfram verði unnið að mótun úrræða til að stuðla að heilsuefandi hegðun og þátttöku ólíkra samfélagshópa í skipulagðri hreyfingu og tómstundumog þannig aukinni virkni í samfélaginu. Í samstarfi við velferðarsvið verði einnig hugað að því að tryggja samfellu í þjónustu við ólíka hópa.

M.5.3 Uppbygging íþróttamannvirkja og viðhald fylgi íbúabróun og aðgengi og aðstaða til hreyfingar á útivistarsvæðum sé góð

Mikilvægt er að uppbygging íþróttamannvirkja sé fjölbreytileg til að mæta ólíkum þörfum. Áhersla er á að hún fylgi íbúabróun og skapi tækifæri til samnýtingar fyrir fjölbreytta viðburði. Að sama skapi verði gott aðgengi tryggt að útivistarsvæðum og þar verði góð aðstaða til hreyfingar fyrir alla. Mótuð verði áætlun um uppbyggingu íþróttamannvirkja með þessa hagsmuni að leiðarljósi. Sömuleiðis verði fjármagn tryggt í reglulegt viðhald á íþróttamannvirkjum með öryggis- og heilsufarsþætti í forgangi.

M.5.4 Efla aðstöðu og stuðning við ungt fólk

Stefnt er að því að fjölbreytt aðstaða til afþreyingar, frístunda, hreyfingar og skapandi verkefna. og ðgengi að ráðgjöf og stuðningsþjónustu sem miðar að sjálfs- og valdeflingu og vellíðan standi ungu fólki 16-25 ára til boða. Horft verði til þess að byggja upp heildstæða ráðgjafar- og stuðningsþjónustu fyrir ungt fólk í virku samstarfi við Geðræktarhús og Ungmennahúsið Molann. Einnig verði horft til umbóta varðandi aðstöðu og fjölgun tækifæra til atvinnu- og starfsþjálfunar. Við mótun, innleiðingu og endurskoðun þjónustu verði aðkoma ungs fólks ávallt tryggt.

M.5.5 Tryggja að frístunda- og íþróttastarf mæti börnum með fjölbreyttar þarfir og ólíkan bakgrunn

Félagsmótun skiptir miklu máli sem undirbúningur fyrir líf í síbreytilegu samfélagi. Í gegnum frístunda- og

Íþróttastarf öðlast börn færni sem nýtist út lífið. Sérstaklega verði hugað að því hvernig menntasvið getur skipulagt þjónustu þannig að öll börn, óháð stuðningsþörfum, félagslegum eða efnahagslegum bakgrunni eða uppruna, fái hvata til þátttöku og verði virk í fjölbreyttu frístunda- og íþróttastarfi.

DRÖG